

Borgarráð

Borgarstjórnarkosningar 26. maí 2018 - kjörstaðir

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að kjörstaðir í Reykjavík við borgarstjórnarkosningar þann 26. maí nk. verði eftirfarandi, með hefðbundnum fyrirvara um endanlegan fjölda kjördeilda:

Árbæjarskóli - 5 kjördeildir
Breiðagerðisskóli - 7 kjördeildir
Hagaskóli - 8 kjördeildir
Hlíðaskóli - 5 kjördeildir
Ingunnarskóli - 5 kjördeildir
Íþróttamiðstöðin Austurbergi - 8 kjördeildir
Íþróttamiðstöðin Grafarvogi, Dalhúsum - 5 kjördeildir
Kjarvalsstaðir - 5 kjördeildir
Klébergsskóli - 1 kjördeild
Laugalækjarskóli - 5 kjördeildir
Menntaskólinn við Sund - 7 kjördeildir
Norðlingaskóli - 2 kjördeildir
Ráðhús Reykjavíkur - 10 kjördeildir
Vættaskóli Borgir - 7 kjördeildir
Ölduselsskóli - 6 kjördeildir

Um er að ræða sömu kjörstaði og í síðustu alþingiskosningum sem fram fóru 28. október sl. auk þess sem lagt er til að nú bætist við kjörstaður í Norðlingaskóla sem er vel staðsettur í miðju hverfisins og í góðu göngufæri fyrir íbúa.

Þóknun fyrir störf í kjörstjórnnum verði sem hér segir:
Hverfiskjörstjórn kr. 87.000 - undirkjörstjórn kr. 53.000.

Jafnframt samþykkir borgarstjórn að fela borgarráði að afgreiða til fullnaðar eftirtalin verkefni vegna kosninganna; að staðfesta kjörskrá og úrskurða um breytingar á kjörskrá, ákveða kjörhverfi, skipa hverfiskjörstjórnir og undirkjörstjórnir og ráða til lykta öðrum málum sem kunna að heyra undir verksvið borgarstjórnar í sambandi við kosningar.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar